



Þjóðleikhúsið
Leikárið 2012–2013



Við sýnum *tilfinningar*

Í leikhúsinu vörpum við kastljósi á manninn í samfélagi mannanna og skoðum undir yfirborðið og inn í kvikuna, þar sem ástin verður til úr gleðinni, skynsemin vikur fyrir græðginni, vonbrigðin og öfundin verða aflvaki grimmdarverka... eða þar sem ástin, hatrið, gleðin, sorgin og allar hinar tilfinningar eiga sér uppsprettu.

Síðasta leikar var einstaklega gjöfult. Aðsókn var með allra besta móti og hinar fjölmörgu og ólíku sýningar fengu góðar viðtökur og fjölda viðurkenninga. Stórsýning ársins var söngleikurinn Vesalingarnir, en það eru ár og dagar síðan Þjóðleikhúsið hefur ráðist í að setja upp jafn viðamikla sýningu og mikið ánægjuefni hversu vel tókst til. Velgengni sýningarinnar verður fagnað sérstaklega með stórkostlegri lokahátíð

í Eldborgarsal Hörpunnar þar sem söngvarar og leikarar Þjóðleikhússins munu flytja verkið í konsertformi, með stækkaðri hljómsveit og kór á tvennum tónleikum í byrjun september. Sýningar í Kassanum nutu einnig mikillar velgengni á síðasta leikári, ekki síst Afmælisveisla Pinters, en uppselt var á allar sýningar á verkinu í vor og því verða nokkrar aukasýningar í haust.

Gott gengi á síðasta **leikári**

Þjóðleikhúsið þakkar leikhúsgestum fyrir þær frábæru viðtökur sem leiksýningar þess fengu á síðasta leikári. Gaman er að geta þess að sýningar Þjóðleikhússins hlutu alls 36 tilnefningar til Grímuverðlaunanna, þegar með eru taldar 4 tilnefningar fyrir samstarfsverkefni, og er það einstæður árangur. Sýningar leikhússins voru einnig sigursælar þegar verðlaunin voru veitt, en eftirtaldir listamenn hlutu Grímuna árið 2012 fyrir störf sín í Þjóðleikhúsinu:

- | | |
|--|---|
| • Guðjón Pedersen fyrir leikstjórn Afmælisveislunnar | • Þór Breiðfjörð, söngvari ársins fyrir Vesalingana |
| • Kristbjörg Kjeld, leikkona ársins í aðalhlutverki fyrir Afmælisveisluna | • Ilmur Stefánsdóttir fyrir leikmynd í Hreinsun |
| • Björn Thors, leikari ársins í aukahlutverki fyrir Afmælisveisluna | • Halldór Örn Óskarsson fyrir lýsingu í Hreinsun |
| • Ólafía Hrönn Jónsdóttir, leikkona ársins í aukahlutverki fyrir Heimsljós | |



Við sýnum Afmælisveisluna, sem hlaut sjö tilnefningar og þrenn Grímuverðlaun, áfram nú í haust og bjóðum upp á konsert-uppfærslu á Vesalingunum í Hörpu, en sýningin hlaut alls níu tilnefningar og Þór Breiðfjörð hlaut Grímuverðlaunin sem söngvari ársins fyrir túlkun sína á Jean Valjean. Aðsókn á leikárinu fór fram úr björtustu vonum og við hlökkum til að hefja með ykkur nýtt leikár.

Þjóðleikhúsið býður upp á spennandi og fjölbreytta dagskrá á nýju leikári, sem ætti ekki síður að höfða til allra leikhúsunnenda. Á Stóra sviðinu hefst leikárið með einni af perlum leikhússins, Dýrunum í Hálsaskógi, en á þessu ári eru liðin hundrað ár frá fæðingu norska snillingsins og góðvinar barnanna Thorbjörns Egners.

Fyrsta kvöldsýning haustsins er tvíleikurinn Með fulla vasa af grjóti, með þeim Hilmi Snæ Guðnasyni og Stefáni Karli Stefánssyni, en þeir fóru á kostum í þessu magnaða verki fyrir um áratug og ætla nú að endurtaka leikinn. Í október er komið að frumsýningu á bráðskemmtilegum klassískum gamanleik undir stjórn Þórhildar Þorleifsdóttur og eftir áramót verður nýtt breskt verðlaunaverk á fjölonum í leikstjórn Guðjóns Pedersens, auk þess sem nýtt leikverk byggt á metsölubók Einars Más Guðmundssonar, Englum alheimsins, verður frumsýnt.

Á jólum sviðsetur ástralski leikstjórinn Benedict Andrews eitt af öndvegisverkum Shakespeares, Macbeth, en mörgum er í fersku minni

mögnuð uppfærsla þessa leikstjóra á Lé konungi í Þjóðleikhúsinu fyrir tveimur árum.

Í Kassanum eru tvö ný íslensk verk á dagskránni. Annað er eftir eitt okkar helsta leikskáld, Hávar Sigurjónsson, en í hinu sameina tvö ný íslensk leikskáld krafta sína. Þar verður einnig danskt verðlaunaleikrit um kvenlíkamann sviðsett. Fleiri ný íslensk verk verða einnig á dagskránni í vetur og margskonar nýsköpun fær svigrúm innan veggja leikhússins, svo sem dans, brúðuleikhús og ýmiskonar tilraunir með formið.

Starfsemi í Kúlunni, litla barnaleikhúsi Þjóðleikhússins, verður blómleg að vanda með minni barnasýningum, auk þess sem við hýsum þar spennandi samstarfsverkefni fyrir fullorðna.

Leikhúskjallarinn fékk á síðasta ári að nýju hlutverk í leikhúslífi landsmanna sem vettvangur smærri sýninga og uppstands og þar verður einnig fjölbreytt dagskrá. Leikhúsið sækir landsbyggðina heim með sýningum á Akureyri, auk þess sem

leiklistarviðburðurinn Þjóðleikur verður nú haldinn í þriðja sinn, með þátttöku ungs fólks af landsbyggðinni.

Á nýju leikári býður Þjóðleikhúsið fjölda nýrra listamanna velkomna til starfa. Þeirra á meðal eru þær Kristín Eiríksdóttir og Kari Ósk Grétudóttir, sem senda nú frá sér leikrit í fyrsta sinn, og leikstjórnarnir Harpa Arnardóttir, Charlotte Bøving og Þorleifur Örn Arnarsson, sem öll hafa getið sér gott orð fyrir störf sín í leikhúsi. Fjórir leikarar bætast nú við öflugan hóp leikara Þjóðleikhússins, þau Marianna Clara Lúthersdóttir, Jóhann G. Jóhannsson, Snorri Engilbertsson og Saga Garðarsdóttir, en tvö þau síðastnefndu útskrifuðust úr LHÍ á liðnu vori.

Við í Þjóðleikhúsinu þökkum af einlægni góðar viðtökur leikhús gesta á síðasta leikári og hlökkum til að eiga með ykkur góðar og gjöfugar stundir á því leikári sem nú er að hefjast.

Tinna Gunnlaugsdóttir
Þjóðleikhússtjóri



Á síðasta leikári tók Þjóðleikhúsið upp þá nýbreytni að bjóða upp á umræður eftir 6. sýningu á hverju leikverki með þátttöku leikara og listrænna aðstandenda. Þetta framtak mæltist afar vel fyrir og höfum við ákveðið að endurtaka leikinn í vetur. Leikhúsunndur sem hafa áhuga á umræðum eftir sýningar geta því keypt sér miða á 6. sýningu.

Boðið er upp á umræður eftir 6. sýningu á öllum kvöldsýningum Þjóðleikhússins; Með fulla vasa af grjóti, Jónsmessunótt, Tveggja þjóni, Macbeth, Fyrirheitna landinu, Karma fyrir fugla, Kvennafræðaranum og Englum alheimsins. Einnig munu sumir af samstarfsaðilum okkar bjóða upp á umræður eftir sýningu, og verður það kynnt sérstaklega hverju sinni.



Stærsta ***hátíðin*** til þessa

Þjóðleikur 2012–2013 – í fimm landshlutum!

Þjóðleikur er stór leiklistarviðburður fyrir 13-20 ára ungmenni sem haldinn var í fyrsta sinn að frumkvæði fræðsludeildar Þjóðleikhússins veturinn 2008–2009. Þá tóku 14 leikhópar af Austurlandi þátt – eða alls um 200 ungmenni. Hátíðin var svo haldin í annað sinn veturinn 2010–2011 með þátttöku Norðurlands og Austurlands. Í Þjóðleik gefst leikhópum ungs fólks kostur á því að setja á svið eitt af þremur nýjum íslenskum verkum sem skrifuð eru

Þjóðleikur – vekur áhuga ungs fólks á leiklist og gerir það læsara á listformið – tengir Þjóðleikhúsið á lifandi hátt við landsbyggðina – miðlar af fagþekkingu leikhússins til leikhúsaá hugafólks í landinu – styrkir íslenska leikritun.

sérstaklega fyrir verkefnið. Leikstjórar hópanna fá faglegan stuðning frá Þjóðleikhúsinu í formi námskeiða og ýmiss konar ráðgjafar. Verkefninu lýkur svo að vori með uppskeruhátíð þar sem allir hóparnir koma saman og sýna. Þjóðleikur er haldinn annað hvert ár og nýjum landsfjórðungi bætt við í hvert sinn. Nú í vetur stækkar hátíðin til muna en þá munu Vestfirðir og Suðurland bætast í hópinn. Þetta verður stærsta Þjóðleikhátíðin til

þessa. Leikskáldin Hallgrímur Helgason, Hlín Agnarsdóttir og Salka Guðmundsdóttir hafa að þessu sinni tekið að sér að skrifa leikrit fyrir Þjóðleik með safaríkum hlutverkum fyrir unga leikara. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Þjóðleikhússins eða með því að hafa samband við Vigdís Jakobsdóttur eða Friðrik Friðriksson á pósthafið thjodleikur@leikhusid.is.

Námskeið í samstarfi við ***Endurmenntun HÍ***

Þjóðleikhúsið og Endurmenntun HÍ standa reglulega fyrir námskeiðum fyrir almenning um leikhús. Nánari upplýsingar má finna á endurmenntun.is, en á haustmisseri verður boðið upp á þessi námskeið.



Dýrin í Hálsaskógi – fyrir börn og fullorðna.

Skemmtilegt námskeið í haust fyrir áhorfendur á öllum aldri, þar sem þátttakendur fá innsýn í heim Thorbjörns Egners og kynnast vinnunni við sýninguna.

Macbeth – eitt magnaðasta verk Shakespeares.

Námskeið í nóvember og desember. Fróðleikur um skáldið og verkið, heimsókn í leikhúsið á æfingatímanum, þátttakendur sjá sýninguna, umræður með leikurum og aðstandendum.

Þjónusta við heyrnarskerta

Táknmálstúlkun

Þjóðleikhúsið og Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra efna til samstarfs um túlkun á íslensku táknmáli. Beinist samvinnan fyrst og fremst að börnum, en á þessu leikári eru leikrit Thorbjörns Egners táknmálstúlkuð.

Tónmöskvi

Í stóra sal leikhússins er tónmöskvi fyrir heyrnarskerta. Nauðsynlegt er að taka fram þegar miðar eru keyptir að viðkomandi hyggist nýta sér þessa tækni. Starfsfólk miðasölu veitir leiðsögn um æskilegt sæti.

Þjóðleikhúsið

Miðasala: 551 1200
midasala@leikhusid.is

Skiptiborð: 585 1200
leikhusid@leikhusid.is
www.leikhusid.is

Kynningarbæklingur Þjóðleikhússins, ágúst 2012.

Umsjón: Sigurlaug Þorsteinsdóttir, markaðsstjóri. Kynningartextar: Melkorka Tekla Ólafsdóttir, leiklistarráðunautur, í samvinnu við listræna aðstandendur.

Ljósmynd á forsiðu og baksíðu: Hörður Sveinsson. Ljósmyndir: Eddi. Ljósmyndir vegna samstarfsverkefna: Ýmsir. Ljósmyndir á bls. 3: Bent Marínósson. Útgefandi: Þjóðleikhúsið. Hönnun og umbrot: Brandenburg. Prentun: Prentsmiðjan Oddi. Ábyrgðarmaður: Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri.

Láttu tilfinninguna ráða

Kortin eru
aðeins í sölu til
1. október



Fjórar hagkvæmar leiðir í leikhúsið

L Leikhúskort

4 SÝNINGAR 12.900 KR.

U Ungmennakort

4 SÝNINGAR 9.900 KR.

Fyrir 25 ára og yngri

*Veldu þínar eftirlætissýningar
á einstökum kjörum*

F Frumskýningakort

4 SÝNINGAR 21.000 KR.

*Fast sæti á frumsýningar á
Stóra sviðinu*

*Tveggja þjónn, Macbeth, Fyrirheitna
landið og Englar alheimsins*

K Kúlukort

3 SÝNINGAR 5.000 KR.

Litlu barnasýningarnar í Kúlunni

*Karíus og Baktus, Gilitrutt og Leitin
að jólnum*

Allar kvöldsýningar hefjast *kl. 19:30*

KORTASALAN ER HAFIN

Má bjóða þér sæti á besta stað?

Midasala Þjóðleikhússins

551 1200 | HVERFISGATA 19 | LEIKHUSID.IS | MIDASALA@LEIKHUSID.IS

 Þjóðleikhúsið er á Facebook, fylgstu með – facebook.com/leikhusid



„Öll *dýrin* í skóginum eiga að vera *vinir*.“

Leikrit norska barnavinarins Thorbjörns Egners hafa notið ómældra vinsælda hjá íslensku þjóðinni allt frá því að Kardemommubærinn var sviðsettur í Þjóðleikhúsinu í fyrsta sinn árið 1960. Alls hafa yfir 300.000 áhorfendur séð leikrit Egners *Dýrin í Hálsaskógi*, *Kardemommubæinn*, *Síglaða söngvara* og *Karíus og Baktus* í Þjóðleikhúsinu á þeirri ríflega hálfu öld sem liðin er frá því að persónur hans stigu þar fyrst á svið.

Nú á hundrað ára afmæli Thorbjörns Egners (1912–1990) er enn á ný komið að því að kynna nýjum kynslóðum hið dásamlega leikrit hans um íbúa Hálsaskógar, og leyfa þeim eldri að

rífa upp gömul kynni. Leikritið hefur fjórum sinnum áður verið sviðsett hér í Þjóðleikhúsinu, árin 1962, 1977, 1992 og 2003. Frumsýningin á *Dýrunum* í Hálsaskógi í Þjóðleikhúsinu í nóvember árið 1962 var jafnframt fyrsta frumsýning verksins í heiminum þar sem leikarar fóru með hlutverkin, en áður hafði verkið verið flutt í brúðuleikhúsi í Noregi. Í haust fögnum við því hálfrar aldar sýningar-afmæli leikritsins. Og nú eru það þeir Jóhannes Haukur Jóhannesson og Ævar Þór Benediktsson sem bregða sér í hlutverk félaganna Mikka refs og Lilla klifurmúsar, en auk þeirra stígur á svið fjöldi leikara, barna og tónlistarmanna.

*Þjóðleikhúsið heldur upp á 100 ára afmæli Thorbjörns Egners með því að setja á svið tvö af hans vinsælustu leikritum, *Dýrin í Hálsaskógi* á Stóra sviðinu og *Karíus og Baktus* í Kúlunni.*



Höfundur: Thorbjörn Egner

Leikstjórn: Ágústa Skúladóttir
Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir

Búningar: María Th. Ólafsdóttir
Tónlistarstjórn: Baldur Ragnarsson og Gunnar Ben

Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson
Aðstoðarleikstjóri: Orri Huginn Ágústsson

Tónlist: Christian Hartmann
og Thorbjörn Egner

Þýðing: Hulda Valtýsdóttir
Ljóðabýðingar: Kristján frá Djúpalæk

Leikarar: Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ævar Þór Benediktsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Örn Árnason, Jóhann G. Jóhannsson, Baldur Trausti Hreinsson, Ragnheiður Steindórsdóttir/Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Snorri Engilbertsson, Þórunn Árna Kristjánsdóttir, Hilmir Jensson, Orri Huginn Ágústsson/Friðrik Friðriksson, Guðrún Snæfríður Gísladóttir



Táknaðstúlkur verða í Hálsaskógi
þann 29. september

A movie poster for 'Dýrin í Hálsaskógi'. The background is a lush, green forest with sunlight filtering through the trees. At the top, a character with a red and white striped shirt, brown pants, and a hat with large brown ears is lying on a tree branch, playing a small orange ukulele. At the bottom, a character with long dark hair, a black leather jacket, and a large black furry hood with brown ears is peeking out from behind green bushes. The title 'Dýrin í Hálsaskógi' is written in a large, yellow, stylized font across the center.

Dýrin í Hálsaskógi

eftir Thorbjörn Egner

„Þú ert með fínt *andlit*... flott augu... myndavélin yrði hrifin af *þér*.“

Með fulla vasa af grjóti (*Stones in His Pockets*) var frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í árslok 2000 og fékk frábærar viðtökur. Sýningar urðu alls 180 og yfir 40.000 manns sáu verkið. Nú gefst leikhúsunnendum að nýju færi á að sjá þessa vinsælu sýningu, eftir tæplega tíu ára sýningarhlé.

Með fulla vasa af grjóti var frumflutt á Írlandi árið 1999 í leikstjórn Ian McElhinney, sem setti verkið einnig upp hér á Íslandi. Verkið fór sigurför um heiminn og hefur sópað að sér verðlaunum.

Aðalpersónur verksins eru tveir náungar sem ráða sig sem aukaleikara í Hollywoodkvikmynd sem verið er að taka upp í nágrenni lítills þorps á vesturströnd Írlands. Fljótlega setur

starfsemi kvikmyndafyrirtækisins allt á annan endann, og von bráðar eiga sér stað árekstrar á milli lífs Hollywoodstjarnanna og hversdagsleika sveitafólksins. Þessir árekstrar eru margir hverjir afar spaugilegir, en þeir geta einnig haft alvarlegar afleiðingar.

Í verkinu kynnumst við fjölda skrautlegra og skemmtilegra persóna og sem fyrr fara þeir Hilmir Snær Guðnason og Stefán Karl Stefánsson með öll fjórtán hlutverkin í sýningunni, og bregða sér jafnt í gervi karla sem kvenna. Stefán Karl stígur nú aftur á leiksvið á Íslandi eftir langt hlé, en hann hefur á undanförunum árum búið í Bandaríkjunum og leikið þar á leiksviði og í sjónvarpi.



— Med fulla —

VASA

AF

GRJÓTI



„Hverslags *blaður* er þetta eiginlega? Getum við ekki haldið okkur við fegurð *kvöldsins*.“

Jónsmessunótt er svört kómedía um íslenska fjölskyldu sem kemur saman í sumarþústaðnum til að fagna hálftrar aldar brúðkaupsafmæli foreldranna. Saga fjölskyldunnar endurspeglar það samfélag sem hún hefur lifað og hræst í, en er ekki hægt að endursemjast allar sögur? Það er að minnsta kosti skoðun ættföðurins. Í uppsiglingu eru harðvítug átök um völd og eignir en ekki síst um yfirráð yfir minningunum. Þótt nóttin sé björt leynist myrkrið víða.

Jónsmessunótt er þriðja leikrit Hávars Sigurjónssonar sem Þjóðleikhúsið sýnir. Þau fyrri eru Pabbastrákur (2003) og Grjótharðir (2005). Hafnarfjarðarleikhúsið sýndi leikrit hans Englabörn (2001) og Höllu og Kára (2008). Verk hans hafa einnig verið sviðsett í Evrópu, Bandaríkjunum og Kanada.

Harpa Arnardóttir, leikari og leikstjóri, leikstýrir nú í fyrsta sinn í Þjóðleikhúsinu. Af nýlegum leikstjórnarverkefnum hennar má nefna leikritið Súldarsker í Tjarnarbíói.

Höfundur: Hávar Sigurjónsson

Leikstjóri: Harpa Arnardóttir
Leikmynd: Finnur Arnar Arnarson
Búningar: Kristína Berman

Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson
Tónlist: Vala Gestsdóttir

Leikarar: Arnar Jónsson, Kristbjörg Kjeld, Þorsteinn Bachmann,
Edda Arnliótsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson, Maríaanna Clara
Lúthersdóttir, Þórunn Anna Kristjánsdóttir



ADALHLUTVERK ARNAR JÓNSSON KRISTBJÖRG KJELD ÞORSTEINN BACHMANN EDDA ARNLÓTSÓTTIR ATLI RAFN SIGURÐARSON MARIANNA CLARA LÚTHERSDÓTTIR ÞÓRUNN ARNA KRISTJÁNSDÓTTIR
TÓNLIST VALA GESTSDÓTTIR LÝSING ÓLAFUR ÁGÚST STEFÁNSSON BÖNNINGAR KRISTÍNA BERMAN LEIKMYND FINNUR ARNAR ARNARSON HÖFUNÐUR HÁVAR SIGURJÓNSSON LEKSTJÓRN HARPA ARNARDÓTTIR

ÓBORGANLEGA SKEMMTILEGUR NÝR GAMAN-
LEIKUR SEM SÝNDUR HEFUR VERIÐ VIÐ MIKLAR
VINSÆLDIR Á WEST END OG BROADWAY – MEÐ
ELDFJÖRUGRI TÓNLIST!

FRUMSÝNT Á
STÓRA SVIÐINU
12. OKTÓBER

„*Hún* er svo hrein og saklaus, óspillt af skólagöngu, eins og ónotuð *skúringafata*.“

Tveggja þjónn (*One Man Two Guvnors*) er nýr breskur gamanleikur sem er byggður á viðfrægum klassiskum gamanleik Goldonis. Verkið fékk frábærar viðtökur þegar það var frumsýnt í Breska þjóðleikhúsinu árið 2011 og var í kjölfarið sett upp á West End og Broadway. Sýningin hefur hlotið fjölda verðlauna og leikritið fékk meðal annars Evening Standard og London Critics Circle leiklistarverðlaunin sem besta leikrit ársins 2011.

Francis er sísvangur og eldfljótur að misskilja, en með óbilandi sjálfsbjargarviðleitni. Skyndilega er hann orðinn þjónn tveggja ólíkra herra með vægast sagt vafasaman bakgrunn.

Hvorugur þessara herraþinganna veit af þjónustu Francis við hinn og von bráðar er mathákurinn fljótfæri en þrautseigi lentur í hringiðu ólgandi ástríðna, margslunginna blekkinga og endalauss misskilnings. Nú þarf Francis heldur betur að taka á öllu sínu ef ekki á að komast upp að hann þjónar tveimur herrum! En um leið reynir hann að sjálfsgöðu að gleypa í sig hvern þann matarbita sem hann getur krækt í.

Bráðskemmtilegur og frumlegur gamanleikur, með mörgum af okkar allra sterkustu gamanleikurum ásamt KK og KK-bandinu sem spila í sýningunni.



Daily Express, Daily Mail, Guardian, Independent, Sunday Express, Sunday Times, The Sun.

Höfundur: Richard Bean
Byggt á verki Goldonis

Leikstjórn: Þórhildur Þorleifsdóttir
Leikmynd: Jósef Halldórsson

Búningar: Filippía I. Elisdóttir
Lýsing: Halldór Örn Óskarsson

Tónlistarstjórn: Jón Ólafsson
Þýðing: Karl Ágúst Úlfsson

Þýðing söngtexta: Þóður Árnason
Aðstoðarleikstjóri: Stefán Hallur Stefánsson

Leikarar: Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Örn Árnason, Eggert Þorleifsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Arnþjörg Hlíf Valsdóttir, Snorri Engilbertsson, Jóhann G. Jóhannsson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson, Ævar Þór Benediktsson KK-bandíð: Kristján Kristjánsson (KK), Þorleifur J. Guðjónsson, Kormákur Geirharðsson, Stefán Már Magnússon



eftir RICHARD BEAN

TVEGGJA ÞJÓNN

Aðalhlutverk JÓHANNES HAUKUR JÓHANNESSON

ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR, ÖRN ÁRNASON, EGGERT ÞORLEIFSSON, VIGDÍS HREYNA PÁLSDÓTTIR, ARNBJÖRG HLÍF VÁLSDÓTTIR, SNORRI ENGHILBERTSSON, JÓHANN G. JÓHANNESSON, LILJA GUÐRÚN ÞORVALDSDÓTTIR, DALDUR TRAUSTI HREINSSON, FEVAR ÞÓR BENEDIKTSSON

Leikmynd JOSEF HALLDÓRSSON Ritstjórn FILIPPA L. ELIÁSDÓTTIR Lýsing HALDÓR ÖRN ÓSKARSSON Tónlistarráðgjafi JÓN ÓLAFSSON Þýðing KAPL AGNIST ÓLSSON Þýðing söngvara ÞÓRHEIÐUR ÁRNASON Áðalskildaröskun STEFAN HALLUR STEPHANSSON

Byggt á leikrinu CARLOS GOLDONIS

Leikstjórn ÞÓRHEIÐUR ÞORLEIFSDÓTTIR

STÓRA SVIDINU 12



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

HÍÐ KYNNGIMAGNAÐA OG BLÓÐUGA VERK
SKÁLDJÖFURSINS MIKLA, UM METORÐAGIRNDINA
OG HRYLLINGINN SEM HÚN GETUR LEITT ÞÁ ÚT Í
SEM VERÐA ÞRÆLAR HENNA.

„Blóð vill *blóð*.“

Á nýjan leik glímir hinn marg-
verðlaunaði leikstjóri Benedict
Andrews við Shakespeare á íslensku
leiksviði.

Því er spáð fyrir herforingjanum
Macbeth að hann eigi eftir að verða
konungur Skotlands. Hvattur áfram
af eiginkonu sinni myrðir hann
konunginn og sest sjálfur í hásetið.
En ódæðið kallar á fleiri morð. Ótti,
hatur og ofsóknaræði skjóta rótum og
líkin hrannast upp í kringum Macbeth.
Konungshjónin feta sig sífellt lengra
inn í heim vitfyrirringar og dauða.

Í þessari uppsetningu á Macbeth
halda Benedict Andrews og leikarar
Þjóðleikhússins áfram að vinna á
ferskan og persónulegan hátt úr
þeim stórkostlega og sígilda efnivið
sem leikrit Shakespeares eru.
Þórarinn Eldjárn þýðir verkið, en
hann þýddi einnig Lé konung og
var þýðingin tilnefnd til Íslensku
þýðingarverðlaunanna.



*Benedict Andrews hefur sett á svið
fjölda verðlaunasýninga í Ástralíu og
Evrópu og nú nýverið stórsýninguna
Stóran og smáan sem frumsýnd var í
Ástralíu og hefur verið sýnd í helstu
leikhúsum Evrópu. Fyrir tveimur árum
leikstýrði hann hér í Þjóðleikhúsinu
verki Shakespeares Lé konungi og þótti
sýningin mikill viðburður í íslensku
leikhúslífi. Hún var óskoraður sigur-
vegari á Grímuverðlaunahátíðinni 2011,
hlaut sex Grímuverðlaun, meðal annars
fyrir sýningu ársins og leikstjórn ársins.*

Höfundur: William Shakespeare

Leikstjórn: Benedict Andrews
Leikmynd: Börkur Jónsson

Búningar: Helga I. Stefánsdóttir
Lýsing: Halldór Örn Óskarsson


Tónlist: Ören Ambarchi
Aðstoðarleikstjóri: Stefán Hallur Stefánsson

Þýðing: Þórarinn Eldjárn

Leikarar: Björn Thors, Margrét Vilhjálmsdóttir, Arnar Jónsson, Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Björn Hlynur Haraldsson, Friðrik Friðriksson, Hilmir Jensson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Pálmi Gestsson, Snorri Engilbertsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Þorsteinn Bachmann, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Ævar Þór Benediktsson og fleiri

WILLIAM SHAKESPEARE

MACBETH



„Fólk kom með *rútum* hingað í bæinn bara til að sjá *hann*.“

Fyrirheitna landið (*Jerusalem*) var frumflutt hjá Royal Court leikhúsinu í London árið 2009 og fékk frábærar undirtektir. Meðal annars hlaut leikritið Evening Standard og London Critics Circle leiklistarverðlaunin. Sýningin hefur verið sýnd við miklar vinsældir í London og New York.

Við erum stödd í fögrum skógarlundi í útjaðri bæjarins, þorps hátíðin er að hefjast. Hér býr Johnny Byron í hjólhýsi sínu. Náungi sem fælir frá hina ráðvöndu en laðar að sér alla þá sem eru að leita að spennu í líf sitt. Fulltrúar bæjaryfirvalda ætla að láta bera hann út, sex ára sonur hans vill að hann fari

með sig á hátíðina, maður nokkur sem er að leita að stjúp dóttur sinni ætlar að berja hann og marglitt samsafn af kunningjum vill fá hjá honum sinn skerf af brennivíni og dópi. Í Johnny hefur löngum ólgað einhver villtur frumkraftur sem í senn hefur skelft fólk og heillað. En getur hann bjargað sér nú þegar allt virðist komið í óefni?

Í Fyrirheitna landinu bregður höfundur upp leifturskýrri mynd af nútímasamfélaginu, sláandi andstæðum þess og ógnvekjandi öfgum.



The Daily Telegraph, The Times, Daily Mail, The Independent, Evening Standard, Mail on Sunday, Time Out, Sunday Times, Whatsonstage.com, Financial Times, Daily Express, Sunday Express.



Höfundur: Jez Butterworth

Leikstjórn: Guðjón Pedersen
Leikmynd: Finnur Arnar Arnarson

Búningar: Elin Edda Árnadóttir
Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson

Þýðing: Mikael Torfason

Leikarar: Hilmir Snær Guðnason, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Jóhann G. Jóhannsson, Eggert Þorleifsson, Snorri Engilbertsson, Ævar Þór Benediktsson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Friðrik Friðriksson og fleiri

A man with a beard and short dark hair is shown from the chest up. He is wearing a dark grey tank top and has a pair of sunglasses hanging from the neckline. He is holding a lit cigarette in his right hand, with smoke rising from it. He has a small ring on his right ring finger and a black wristband on his right wrist. The background is a vibrant orange with a textured, painterly appearance. At the bottom of the image, there is a black and white photograph of a beach scene, which appears to be partially obscured or 'dripping' from the text above. The text 'FYRIRHEITNA LANDIÐ' is written in large, bold, white capital letters across the middle of the image.

**FYRIRHEITNA
LANDIÐ**

„Í allra *versta* falli endarðu á *uppbóði*.“

Karma fyrir fugla er í senn ljóðrænt og sálfræðilegt verk um afleiðingar ofbeldis, heljartök fortíðarinnar á sálinni, ranglæti og fegurð.

Kannski er Elsa sautján ára stúlka sem er til sölu, kannski er hún miðaldra vændiskona, kannski heimilislaus gömul kona, kannski er hún 130 ára búddanunna. Kannski er Karma fyrir fugla að gerast einmitt hér og nú, kannski á öllum tímum og alls staðar.

Leikstjóri er Kristín Jóhannesdóttir en hún hefur á undanförnum árum leikstýrt hér í Þjóðleikhúsinu rómuðum uppfærslum á nýjum íslenskum verkum, Utan gátta og Svörtum hundi prestsins.

Þjóðleikhúsið kynnir til leiks tvö ný leikskáld, þær Kristínu Eiríksdóttur og Kari Ósk Grétudóttur sem báðar eru myndlistarmenntaðar. Kristín hefur á undanförnum árum vakið mikla athygli fyrir ljóð sín og smásagnasafnið Doris deyr. Fyrsta skáldsaga hennar kemur út nú í haust.

Höfundar: Kristín Eiríksdóttir og Kari Ósk Grétudóttir

Leikstjórn: Kristín Jóhannesdóttir
Leikmynd og búningar: Anna Rún Tryggvadóttir

Lýsing: Halldór Örn Óskarsson

Leikarar: Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Hilmir Jensson, Kristbjörg Kjeld, Marianna Clara Lúthersdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Þorsteinn Bachmann og fleiri

KARMA
KRIR
KOLA



„Ég hef ***lært*** að það er allt í lagi að ég líkist ***mömmu*** meira og meira.“

Leikritið Kvennafræðarinn hefur notið mikilla vinsælda í Danmörku frá því að það var frumsýnt þar fyrir tveimur árum. Sýningin hlaut virtustu leiklistarverðlaun Dana, Reumert-verðlaunin.

Leikritið er byggt á bókinni Kvinde kend din krop sem kom fyrst út í Danmörku árið 1975 og vakti mikla athygli með hispurslausri umfjöllun um konur, líkama þeirra, tilfinningar, frjósemi og kynlíf.

Bókin þótti byltingarkennd, og varð vopn í baráttunni fyrir því að efla sjálfsvitund og sjálfsvirðingu kvenna. Hún hefur komið út í nýrri útgáfu á tíu ára fresti, og leikritið er byggt á öllum útgáfum hennar. Hér á Íslandi kom bókin út endursamin undir heitinu Nýi kvennafræðarinn árið 1981.

Í leikritinu er viðfangsefnið nálgast í senn af fullri alvöru og leiftrandi húmor. Tveir leikarar, karl og kona, leiða okkur inn í leyndustu afkima líkamans og sálarinnar, skemmta okkur og fræða og nýta sér á frumlegan og óvæntan hátt möguleika leikhússins. Hvernig upplifir konan heiminn í gegnum líkama sinn? Hvað veit hún um sjálfa sig? Hvað gerist innra með henni þegar hún verður ástfangin? Hvernig fær hún fullnægingu? Hverjir eru órar hennar og dagdraumar?

Bráðfyndið og fjörugt leikhúsverk um hluti sem skipta bæði konur og karla miklu máli.

Charlotte Böving leikstýrir nú sinni fyrstu sýningu í Þjóðleikhúsinu en hún hefur tekið þátt í fjölmörgum sýningum á Íslandi og í Danmörku sem leikari og leikstjóri.

Höfundur: Kamilla Wargo Brekling

Leikstjórn: Charlotte Böving
Leikmynd: Ilmur Stefánsdóttir

Þýðing: Málfríður Garðarsdóttir

Leikarar: Marianna Clara Lúthersdóttir,
Jóhann G. Jóhannsson

25 kr.
LEIÐHUG
BASKUR
627

Leikrit byggt á
samnefndri metsölubók



4.400,-

Kvenna- þræðarinn



Ný útgáfa

EIN VINSÆLASTA ÍSLENSKA SKÁLDSAGA SÍÐARI ÁRA
Í NÝRRI LEIKGERÐ. ÓGLEYMANLEGT VERK, FULLT AF
SÁRSAUKA EN JAFNFRAMT HLÝJU OG HÚMOR.

FRUMSÝNT Á
STÓRA SVIÐINU
1 APRÍL

„Kleppur er *víða*.“

Englar alheimsins er meðal kunnustu skáldsagna síðari ára á Íslandi og fáar sögur hafa hitt þjóðina jafnrækilega í hjartastað. Bókin hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, hefur verið þýdd á fjölmörg tungumál og var efniviður vinsællar samnefndrar kvikmyndar.

Englar alheimsins lýsir árekstri tveggja heima, brjálseminnar og hversdagsleikans. Verkið er saga listamannsins Páls sem ungur að árum er orðinn illa haldinn af geðveiki og missir tókin á lífinu. Verkið lýsir af miklu innsæi heimi hins geðveika, einsemd hans og útskúfun, og átökum hans við sjálfan sig og samfélagið.

Þorleifur Örn Arnarsson leikstýrir nú sinni fyrstu sýningu í Þjóðleikhúsinu en hann hefur leikstýrt fjölda leiksýninga og ópera í Þýskalandi og Sviss frá því að hann útskrifaðist sem leikstjóri úr Ernst Busch leiklistarskólanum í Berlín árið 2009. Verðlaunasýning hans á Péttri Gaut frá Sviss var sýnd í Þjóðleikhúsinu á Listahátíð í Reykjavík á liðnu vori.

Höfundur: Einar Már Guðmundsson
Leikgerð: Þorleifur Örn Arnarsson og Símon Örn Birgisson

Leikstjórn: Þorleifur Örn Arnarsson
Dramatúrg og hljóðmynd: Símon Örn Birgisson


Tónlist: Daniel Bjarnason
Leikmynd: Vytautas Narbutas

Bóningar: Filippía I. Elís dóttir

Leikarar: Atli Rafn Sigurðarson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Ólafur Egill Egilsson, Snorri Engilbertsson, Eggert Þorleifsson, Sólveig Arnarsdóttir, Hilmir Snær Guðnason, Ævar Þór Benediktsson, Saga Garðarsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Baldur Trausti Hreinsson og fleiri

englar alheimsins





Sögustund BÚKOLLA

Sýningar fyrir leikskólahópa í Kúlunni frá 11. september

Sögustund: *Búkolla*

Leikskólabörnum boðið inn í töfraveröld leikhússins

Þjóðleikhúsið býður nú fjórða árið í röð börnum í elstu deildum leikskóla að koma í heimsókn í leikhúsið með kennurum sínum til að fræðast á skemmtilegan hátt um leikhúsið og kynnst töfraheimi þess. Börnin taka þátt í sögustund með leikhúsivafi, en nú er spurnið og leikið út frá gamla ævintýrinu um Búkollu. Sögustund hefur notið mikilla vinsælda hjá leikskólum og á hverju hausti hafa vel á fimmta þúsund leikskólabörn frá allflestum leikskólum á höfuðborgarsvæðinu komið í heimsókn til okkar í leikhúsið.

Nánari upplýsingar veitir Þórhallur Sigurðsson, thorhallur@leikhusid.is

Leikstjórn: Stefán Hallur Stefánsson
Handrit: Friðrik Friðriksson og leikhópurinn
Tónlist: Baldur Ragnarsson

Útlit: Högni Sigurþórsson
Lýsing og hljóðmynd: Ólafur Ágúst Stefánsson

Leikari: Hilmir Jónsson



Fyrsta sýning á Leikhúslöftinu 24. nóvember

Leitin að jólinum

Hið árlega aðventuævintýri Þjóðleikhússins. Sýningin hlaut Grímuverðlaunin sem barnasýning ársins þegar hún var frumsýnd.

Aðventuævintýri Þjóðleikhússins, Leitin að jólinum, verður sýnt í nóvember og desember áttunda leikárið í röð, en sýningin hefur jafnan notið mikilla vinsælda og hlaut Grímuverðlaunin sem barnasýning ársins þegar hún var frumsýnd. Tveir skýrnir og skemmtilegir náungar taka á móti litlum leikhúsgestum í anddyri Þjóðleikhússins. Með þeim í för eru tveir hljóðfæraleikarar og þessi fjöguri hópur leiðir börnin með leik og söng um leikhúsið. Börnin ferðast inn í ævintýraveröld jólanna og sjá leikþætti um jólin í gamla daga og á okkar tímum.

Höfundar: Þorvaldur Þorsteinsson og Árni Egilsson Kvæði: Jóhannes úr Kötlum

Leikstjórn: Þórhallur Sigurðsson
Tónlist: Árni Egilsson

Texti: Þorvaldur Þorsteinsson
Búningar: Þórunn Elísabet Sveinsdóttir

Leikarar: Arnþjórg Hlíf Valsdóttir, Ólafur Egill Egilsson og fleiri
Hljóðfæraleikarar: Darri Mikaelsson, Jón Þorsteinn Reynisson

Samstarfsverkefni

Þjóðleikhúsið á samstarf við ýmsa sviðslistahópa sem sýna einkum í Leikhúskjallaranum, en einnig í Kúlunni, Kassanum og á Stóra sviðinu, og styður þannig við sviðslistir í landinu og tekur þátt í að auka fjölbreytni í leikhúslífinu.



Karíus og Baktus

Það er miklu skemmtilegra að sjá Karíus og Baktus í leikhúsinu en að hafa þá uppi í munnum á sér!


Sagan um Karíus og Baktus kom fyrst út á bók árið 1949 og síðan þá hafa þessir litlu þrjátar notið fádæma vinsælda meðal barna víða um heim. Þeir hafa skotið upp kollinum víða, meðal annars í brúðukvikmynd, á hljómplötu og í leikhúsi. Karíus og Baktus eru pínulitlir tannálfar sem hafa komið sér fyrir í munnum á drengnum Jens. Þar lifa þeir sældarlífi, enda er Jens helst fyrir að borða allskyns sætindi og hann notar tannburstann lítið. En þessir tveir hrappar skemma tennurnar í Jens og þegar þeir gerast of aðgangsharðir verður Jens að fara til tannlæknis. Og nú þurfa Karíus og Baktus að glíma við tannbursta og tannlæknabor...!

Höfundur: Thorbjörn Egner

Leikstjóri: Selma Björnsdóttir
Tónlist: Christian Hartmann
Þýðing: Hulda Valtýsdóttir

Leikmynd og búningar: Brian Pilkington
Leikarar: Arnbjörg Hlíf Valsdóttir
og Friðrik Friðriksson

Táknmálstúlkar heimsækja
Karíus og Baktus eftir áramót



Frumskýning í Kúlunni 28. desember



Gilitrutt

Skemmtileg og falleg brúðusýning fyrir börn byggð á þjóðsögunni um Gilitrutt. Grímuverðlaunin sem barnasýning ársins 2011.

Brúðusýningar Berndts Ogródnik hafa heillað börn á Íslandi og víða um heim um árabíl. Hér í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu sýndi hann Pétur og úlfinn og Klókur ertu, Einar Áskell við miklar vinsældir. Gilitrutt er ný brúðusýning byggð á þjóðsögu um ógurlega skessu og bóndakonu sem vildi komast hjá því að sinna skyldum sínum og bera ábyrgð. Líkt og í öðrum sýningum Berndts eru leikmynd og brúður unnar af miklu listfengi.

Gilitrutt fékk afar góðar viðtökur þegar hún var frumsýnd í Brúðuheimum haustið 2010, og hlaut Grímuverðlaunin sem barnasýning ársins 2011.

Leikgerð, brúðgerð, leikmynda hönnun og tónlist: Berndt Ogródnik

Brúðuheimar í samstarfi við Þjóðleikhúsið

Leikstjóri: Benedikt Erlingsson
Búningar: Þórunn Elísabet Sveinsdóttir

Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason
Leikmunagerð: Móeður Helgadóttir

Flutningur: Berndt Ogródnik

Sýningar hefjast í Kúlunni í mars



Kameljón

Ferðalag einnar leikkonu um villugjarnar lendur sjálfsins.

Einstök aðlögunarhæfni og sífelld hamskipti valda því að Kameljónið veit ekki lengur hver grunnlitur þess er. Hefur hún, Kameljónið, eitthvert eiginlegt sjálf eða er hún aðeins endurspeglun þeirra sem á vegi hennar verða í lífinu? Hún ákveður að hafa uppi á sjálfri sér, hvað sem það kostar, því maður verður að vera eitthvað. Er það ekki? Kameljón er einnar leikkonu ferðalag um hinar villugjörnu lendur sjálfsins þar sem auðvelt er að tynast. Hún gengur í gegnum stöðugar umbreytingar sem stundum eru svo hamslausar að áhorfendum stendur hreinlega ekki á sama. Já, áhorfendur, þeir eru Kameljóninu mikilvægir... en líka mjög hættulegir.

Höfundar: Alfrún Helga Örnólfsdóttir, Friðgeir Einarsson og Margrét Örnólfsdóttir

Sýnt í samstarfi við Þjóðleikhúsið

Frumskýning í Kúlunni á leiklistarhátíðinni Lókal 22. ágúst

Sýningin er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Leikstjóri: Friðgeir Einarsson
Leikmynd: Brynja Björnsdóttir
Búningar: Rósa Hrund Kristjánsdóttir

Texti: Margrét Örnólfsdóttir
Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson
Tónlist: Guðmundur Vignir Karlsson

Ljósmynd: Hulda Sif Ásmundsdóttir, huldasif.is
Kameljón: Alfrún Helga Örnólfsdóttir

Nýjustu fréttir VaVaVoom

Skemmtilegt
brúðuleikhúswerk
fyrir fullorðna sem
fjallar um áhrif
frétta á líf okkar.

Nýjustu fréttir er nýtt íslenskt brúðuleikhúswerk fyrir fullorðna, sem fjallar um áhrif frétta á einkalíf okkar. VaVaVoom nálgast efniviðinn með spunavinnu og tekur hópurnar á efninu á gamansaman og myndrænan hátt. Flest byrjum við daginn á því að stinga okkur í samband við umheiminn. Bókstaflega. Við kveikjum á útvarpi, sjónvarpi, tölvu eða opnum dagblaði. Við hlustum á fréttir. Við horfum á fréttir. Við lesum fréttir. Getum við borðað fréttir? Hvað gerist þegar við fáum of mikið af fréttum eða upplýsingum? Getum við orðið fjölmiðlafiklar? Hvað þarf frétt að innihalda til að halda áhuga okkar? Hvenær breytumst við sjálf í fjölmiðilinn?

Höfundar: Sigríður Sunna Reynisdóttir, Sara Martí Guðmundsdóttir og hópurinn

VaVaVoom í samstarfi við Þjóðleikhúsið

Leikstjóri: Sara Martí Guðmundsdóttir
Dramatúrg og aðstoðarleikstjóri: Raul Fuentès-Fuentes
Búningar og leikmynd: Eva Sigrún Berger

Ljósahönnun: Ingi Bekk Einarsson
Tónlist: Sóley Stefánsdóttir

Myndbandshönnun: Pierre-Alain Giraud
Leikmunir: Högni Sigurþórsson
Flytjendur: Sigríður Sunna Reynisdóttir og Irena Stratieva



Frumsýning í Kúlunni 16. október

Sýningin er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu



Gamli maðurinn og hafið

Einstaklega falleg brúðusýning fyrir fullorðna áhorfendur,
byggð á meistaraverki Hemingways.

Bernd Ogrodnik hefur um árabil heillað bæði börn og fullorðna með brúðusýningum sínum. Brúðusýning hans fyrir fullorðna Umbreyting - ljóð á hreyfingu, sem var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu árið 2006, hlaut mikið lof hér heima og erlendis. Gamli maðurinn og hafið var frumsýnd á Listahátíð í Reykjavík á liðnu vori og hlaut afar góðar viðtökur. Í þessari nýju sýningu byggir Bernd á sígildu meistaraverki Hemingways um eilífa lífsbaráttu mannsins í óblíðum heimi. Ljóðræn og ægífögur sýning um gamlan mann, lítinn bát, risastóran fisk og hið óendanlega haf.

Handrit, sviðsmynd og brúðugerð: Bernd Ogrodnik

Samstarfsverkefni Brúðuheima og Þjóðleikhússins

Sýningar hefjast í Kúlunni í nóvember

Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson
Leikmyndarsmíð og leikmunagerð: Frosti Friðriksson,
Högni Sigurþórsson, Bernd Ogrodnik

Lýsing: Láraus Björnsson
Hljóðmynd: Halldór Snær Bjarnason
Þýðing: Ásdís Þórhallsdóttir og leikhópurinn

Flutningur: Bernd Ogrodnik
Sögumaður: Egill Ólafsson
Raddir: Egill Ólafsson, Valgeir Skaghtjörð

Uppistand Mið-Ísland

Nú eru þau komin aftur – fyndnari en nokkru sinni fyrr!

Hvern langar ekki til að hlæja sig máttlausan undir stuðlabergshvelfingunni í stóra sal Þjóðleikhússins? Uppistandshópurinn Mið-Ísland hefur heldur betur haslað sér völl í menningarlífi landsmanna undanfarin ár, og ekki síst með vel heppnuðum uppistandskvöldum í Þjóðleikhúsinu. Í vetur verður boðið upp á rúmlega tveggja klukkustunda skothelda hláturtaugadagskrá með þeim Ara Eldjárn, Bergi Ebba, Dóra DNA, Jóhanni Alfreð, Birni Braga og Önnu Svövu Knútsdóttur – og mun þetta allt fara fram á Stóra sviðinu þar sem hópurinn fyllti hverja sýninguna á fætur annarri á síðasta leikári.

Ef hláturinn lengir lífið stefnir Mið-Ísland að ódauðleika!



Uppistand á Stóra sviðinu í september og október



Ástin

Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Tómas R. Einarsson leiða enn á ný saman hesta sína í nýjum einleikskabarett.

Í Ástinni segir frá söngkonu á miðjum aldri sem hefur upplifað margt ástarævintýrið en einnig þurft að kljást við ótrygga elskhuga. Hún bregður sér í ýmis gervi og hlutverk, jafnt karla sem kvenna.

Í sýningunni hljóma lög af geisladiski Ólafíu og Tómasar, Kossi, ásamt nýjum lögum. Titillag sýningarinnar, Ástin, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem Jazzverk ársins 2004.

Höfundur handrits: Tómas R. Einarsson		Ólafía Hrönn Jónsdóttir og Tríó Tómasar R. í samstarfi við Þjóðleikhúsið	
Leikstjórn: Hilmir Snær Guðnason	Hljómveit: Tómas R. Einarsson (kontrabassi), Ómar Guðjónsson (gítar),		
Leikur og söngur: Ólafía Hrönn Jónsdóttir	Matthías MD Hemstock (trommur)		

Frumskýning í Kjallaranum í nóvember



Já elskan

Nýtt sviðsverk eftir Steinunni Ketilsdóttur í samvinnu við hópinn.

Horfum undan, höldum kjafti, bitum á jaxlinn, brosum í gegnum tárin, gerum grín, hlæjum, drekku, deyfum og gleymum. Hvernig aðlögum við okkur og hver eru þolmörk okkar í samskiptum við ástvini og fjölskyldu? Hversu mikið er hægt að teygja þessi mörk og toga? Hvaða leyndarmál fá að grafa um sig og við hvaða kringumstæður blómstra ósögð orð og tilfinningar sem fá ekki útrás?

Með þessar hugleiðingar í farteskinu mun hópurinn fara í ferðalag og þróa sýninguna Já elskan.

Höfundur: Steinunn Ketilsdóttir		Steinunn Ketilsdóttir í samstarfi við Þjóðleikhúsið	
Dramatúrg: Ásgerður G. Gunnarsdóttir	Tónlist: Sólrún Sumarliðadóttir		
Búningar og útlit: Jóni Jónsdóttir	Ljósahönnun: Garðar Þór Borghórssen		
		Dansarar og leikarar: Árni Pétur Guðjónsson, Aðalheiður Halldórsdóttir, Berglind Pétursdóttir, Hannes Þór Egilsson, Lovisa Ósk Gunnarsdóttir, Magnús Guðmundsson, Snædis Lilja Ingadóttir	

Frumskýning í Kassanum 29. desember
Sýningin er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Segðu mér satt


Nýtt íslenskt leikrit um leik og veruleika, sannleika og lygar.

Segðu mér satt er nýtt leikrit eftir Hávar Sigurjónsson. Það fjallar um eldri hjón, leikara, sem lokast hafa inni í leikhúsi ásamt fullorðnum syni sínum sem er í hjólastól. Þau máta sig við ótal hlutverk í uppgjöri við fortíðina, en í meðförum þeirra er hugtakið sannleikur afar loðið. Smátt og smátt missa þau tókin þar til skilin milli „leiks og veruleiks“ mást út og grímulaus grimmdin ríkir. Kynskipti, lygar og fjöldinn allur af morðum í þessu tragíkomíska verki.

Höfundur: Hávar Sigurjónsson		Leikfélagið Geirfugl í samstarfi við Þjóðleikhúsið	
Leikstjórn: Heiðar Sumarliðason	Tónlist: Svavar Knútur	Leikarar: Árni Pétur Guðjónsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Sveinn Ólafur Gunnarsson	
Dramatúrg: Bjartmar Þórðarson			



Frumskýning í Kúlunni í byrjun febrúar
Sýningin er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu



Frumskýning í Kúlunni í mars

Sýningin er styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og Reykjavíkurborg

Hvörf

Nýtt sviðslistaverk frá Lab Loka sem byggt er á Guðmundar- og Geirfinnsmálinu.


Hvörf er ferðalag um völundarhús sálar og samfélags. Hér er annars vegar um að ræða hreinan sviðsskálðskap er lýtur sínum eigin lögmálum og nýtir sér margslungin meðöl leiklistarinnar og óheft hugarflug til að skapa veröld langt handan hversdagsins og allra raunsæislegra viðmiða. Hins vegar sækir verkið allan sinn innblástur og orðræðu í blákaldan raunveruleikann, svokallað Guðmundar- og Geirfinnsmál sem skók íslenskt samfélag á árunum 1974 til 1980. Sá dómur er Hæstiréttur felldi þá hefur síðan legið eins og mara á þjóðinni.

Höfundar: Rúnar Guðbrandsson, Sjón og hópurinn

Lab Loka í samstarfi við Þjóðleikhúsið

Leikstjóri: Rúnar Guðbrandsson
Leikmynd og búningar: Eva Signý Berger
Tónlist og hljóðhönnun: Guðni Franzson

Leikarar: Árni Pétur Guðjónsson, Birna Hafstein, Ólafur Darri Ólafsson, Stefán Hallur Stefánsson og fleiri



Frumskýning í vor

Jóreykur

Nýtt leikrit um þjóðerniskennd, popúlisma, fyrirmyndir, sannfæringu og hvað er raunverulegt og hvað er logið.

Hallgrímur Björn Þórðarson snýr heim til Íslands eftir áratuga fjarveru. Hann hefur unnið mikið afrek og er tekið sem þjóðhetju. Félagi hans, sem vann afrekið með honum, varð hins vegar eftir í útlöndum. Jóreykur fjallar um samband Íslendinga og útlendinga, manna og dýra, og sjálfsmynd afreksmanns og afrekspjóðar.

Bergur Ebbi Benediktsson er listamaður sem hefur getið sér gott orð sem tónlistarmaður, uppistandari, ljóðskáld og leikritahöfundur en hans fyrsta verk, Klæði, sem sett var upp af sjálfstæðum leikhópi vorið 2010 hlaut góðar viðtökur.

Höfundur: Bergur Ebbi Benediktsson

Leikhópurinn Þúsund ár í samstarfi við Þjóðleikhúsið

Leikstjóri: Þorsteinn Bachmann | Leikarar: Hilmir Jensson, Halldór Halldórsson og fleiri

H, an incident

Sýning eftir Kris Verdonck í samstarfi við Ernu Ómarsdóttur, byggð á verkum Daniil Harms.

Kris Verdonck er þekktur leikhúslistamaður frá Belgíu. Þessi nýja sýning byggir á samspili tónlistar og dans, leikhúss og innsetningar, sviðslistamanna og véla. H-ið í titlinum vísar til rússneska rithöfundarins, stærðfræðingsins, heimspekingsins og dulspekingsins Daniil Harms (1905-1942). Í höfundarverki sínu, sem samanstendur af örsögum, ljóðum og leikþáttum, sýnir Harms okkur inn í heillandi, fjarstæðukenndan og óútskýranlegan heim. Ímyndunarafl hans var einstaklega frjótt og þrátt fyrir ritskoðun Stalínstímans, fasísk grimmdarverk, hungur, kulda og þjáningar hélt hugur hans stöðugt áfram að leita að “kjarna hlutanna”.


Byggt á textum eftir Daniil Harms

Gestaleikur á Listahátíð í Reykjavík

Hugmynd og leikstjóri: Kris Verdonck
Dramatúrg: Marianne Van Kerkhoven (Kaaithheater)
Tónlistarumsjón: Jónas Sen, Valdimar Jóhannsson
Körstjóri: Erna Ómarsdóttir, Valdimar Jóhannsson, Jónas Sen
Búningar: An Breugelmanns, Sofie Durnez


Sýningarstjóri og leikmunir: Maya Wilsens
Leikmynd: Kaaithheater, Culture Crew, Gebroeders Decap S.A.
Hljóðstjóri: Stef van Alsenoy

Kór: Erna Ómarsdóttir, Þyri Huld Arnadóttir, Thorunn Arna Kristjansdóttir, Sibylle Koell, Brynhildur Guðjónsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Jan Steen, Marc Iglesias, Jeroen Vander Ven



Frumskýning á Stóra sviðinu 1. júní

Framleiðandi: A Two Dogs Company í samstarfi við Kaaithheater og Shalala
Meðframleiðandi: Kunstenfestivaldesarts, (B), Kaaithheater (B), NXTSTP
Styrkt af: The Flemish Authorities, the Flemish Community Commission



Afmælisveislan

Frábær sýning á einu allra skemmtilegasta leikriti Pinters. Sýningin hlaut þrenn Grímuverðlaun.

Afmælisveislan er fyrsta leikrit Nóbelskálðsins Harolds Pinters (1930–2008) í fullri lengd, en það var frumflutt árið 1958 og þykir tímamótaverk í leiklistarsögunni. Óvenjulegt verk, fullt af frumlegum og óvægnum húmor.

Sýningin var frumsýnd í Þjóðleikhúsinu í apríl og hlaut afar góðar viðtökur. Hún var tilnefnd til sjö Grímuverðlauna, meðal annars sem besta sýning ársins. Guðjón Pedersen hlaut Grímuverðlaunin fyrir leikstjórn og þau Kristbjörg Kjeld og Björn Thors hlutu verðlaunin fyrir leik sinn í sýningunni.

Sýnt í Kassanum frá 31. ágúst

Sýnt á leikför hjá Leikfélagi Akureyrar 27. – 28. september



Höfundur: Harold Pinter
Leikstjórn: Guðjón Pedersen
Leikmynd: Gretar Reynisson

Búningar: Helga I. Stefánsdóttir
Lýsing: Ólafur Ágúst Stefánsson
Hljóðmynd: Kristinn Gauti Einarsson

Aðstoðarleikstjóri: Stefán Hallur Stefánsson
Þýðing: Bragi Ólafsson

Leikarar: Ingvar E. Sigurðsson, Kristbjörg Kjeld, Björn Thors, Eggert Þorleifsson, Erlingur Gíslason og Þórunn Anna Kristjánsdóttir

Les Misérables

Vesalingarnir á tónleikum í **Hörpu**, stórkostleg lokahátíð

Söngleikurinn Vesalingarnir sló eftirminnilega í gegn í Þjóðleikhúsinu á liðnu leikári og sýningin gekk fyrir fullu húsi frá því í byrjun mars og fram á sumar. Til að fagna velgengni sýningarinnar verður boðið upp á stórkostlega lokahátíð í samvinnu við tónlistarhúsið Hörpu, þar sem söngvarar og leikarar Þjóðleikhússins munu flytja verkið í heild sinni í búningum, með stækkaðri hljómsveit og kór.

Sýning Þjóðleikhússins var tilnefnd til níu Grímuverðlauna á liðnu vori, meðal annars sem besta sýning ársins. Einnig hlutu leikstjóri, leikmyndahöfundur, búningahöfundur, höfundar lýsingar, og tónlistarstjóri og hljóðstjóri tilnefningu, auk þess sem Þór Breiðfjörð í hlutverki Jeans Valjean og Egill Ólafsson í hlutverki Javerts voru tilnefndir fyrir söng, og Arnbjörg Hlíf Valsdóttir fyrir leik. Þór Breiðfjörð hlaut Grímuverðlaunin sem söngvari ársins.



Konsertuppfærsla í Eldborgarsal Hörpu 2. og 9. september



Höfundar: Alain Boublil og Claude-Michel Schönberg eftir skáldsögu Victor Hugo
Leikstjórn: Selma Björnsdóttir
Tónlistarstjórn: Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Þýðing: Friðrik Erlingsson
Leikmynd: Finnur Arnar Arnarsson
Búningar: María Th. Ólafsdóttir
Sviðshreyfingar: Kate Flatt

Hljóðstjórn: Sigurvald Ívar Helgason
Lýsing: Lárus Björnsson og Ólafur Ágúst Stefánsson
Myndbandshönnun: Henrik Linnet
Aðstoðarleikstjóri: Stefán Hallur Stefánsson

Leikarar: Þór Breiðfjörð, Egill Ólafsson, Valgerður Guðnadóttir, Arnbjörg Hlíf Valsdóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Eyþór Ingi Gunnlaugsson og fleiri

Tryggðu þér tilfinningalegt svigrúm í vetur

Kortin eru
aðeins í sölu til
1. október

Veldu þína leið í leikhúsið

Með Leikhúskorti velur þú fjórar sýningar, á **12.900 kr.** Ungmennakort kostar aðeins **9.900 kr.** og með Frumsýningarkorti áttu fast sæti á fjórum glæsilegum frumsýningum á Stóra sviðinu fyrir **21.000 kr.** Kúlukortið veitir aðgang að skemmtilegu litlu barnasýningunum í Kúlunni fyrir aðeins **5.000 kr.**

L Leikhúskort

4 SÝNINGAR 12.900 KR.

Veldu þínar eftirlætissýningar

U Ungmennakort

4 SÝNINGAR 9.900 KR.

Fyrir 25 ára og yngri

F Frumsýningakort

4 SÝNINGAR 21.000 KR.

*Fast sæti á frumsýningar á Stóra sviðinu
Tveggja þjónn, Macbeth, Fyrirheitna landið og Englar alheimsins*

K Kúlukort

3 SÝNINGAR 5.000 KR.

*Litlu barnasýningarnar í Kúlunni
Kárius og Baktus, Gilitrutt og Leitinn að jólinum*

Er kvöldið tvíbókað? *Ekkert mál að breyta*

Ef þú kemst ekki á þínu sýningarkvöldi geturðu auðveldlega flutt miðann þinn yfir á annað kvöld.



Kortasalan er hafin

Kortin eru aðeins í sölu til 1. október. Þú getur keypt þau á leikhusid.is, í miðasölunni við Hverfisgötu, í síma 551 1200 eða á midasala@leikhusid.is. Hægt er að greiða kortin með léttgreiðslum.

Enn meiri ávinningur fyrir kortagesti

Kortagestir fá **800 kr.** afslátt af miðaverði á aðrar sýningar, að undanskildum barnasýningum og sýningum í Leikhúskjallara.



Ertu nokkuð að gleyma þér?



Þú þarft ekki að hafa áhyggjur af því að missa af sýningunni. Við sendum þér áminningu með SMS.



Miðasala Þjóðleikhússins

551 1200 | HVERFISGATA 19 | LEIKHUSID.IS | MIDASALA@LEIKHUSID.IS

Þjóðleikhúsið er á Facebook, fylgstu með – facebook.com/leikhusid



SJÁÐU ALLAN TILFINNINGASKALANN Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU Í VETUR

